

Félag fornleifafræðinga vill aftur benda á það mikla ójafnvægi sem ríkir milli framlaga ríkisins til húsverndunar annars vegar og minjaverndar hins vegar. Ekkert fjármagn frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga fer núna í Fornminjasjóð en jöfnuðarsjóður tekur m.a. þátt í að fjármagna húsvernd á Íslandi (Húsafriðunarsjóður). Réttast væri að rétta af þennan mikla halla sem er á milli fjármögnunar á verndun húsa og verndun fornminja.

Íslandi er skipt í minjasvæði og á hverju svæði fyrir sig starfa minjaverðir á vegum Minjastofnunar Íslands. Minjaverðir hafa úrskurðarvald í skipulagsmálum en kostnaður vegna fornleifaskráninga fellur mjög misjafnlega á sveitarfélög. **Góð yfirsýn yfir minjar sem fæst með fornleifaskráningu dregur úr töfum á afgreiðslu skipulagsframkvæmda, m.a. vegna þess tíma sem tekur fyrir Minjastofnun Íslands að veita umsagnir.** Heppilegt er að nýta tækifærið sem skapast við þessa endurskoðun til þess að leiðrétta þetta ójafnvægi, sem mundi hjálpa sveitarfélögum og framkvæmdaaðilum **strax.**

Ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftlagsmála (sem fer eins og staðan er í dag með málefni minjaverndar) hefur einnig lýst yfir áhuga á að fjármagna Fornminjasjóð með þessum hætti. Í nýlegri skýrslu um stöðu minjaverndar er lagt til að stjórnvöld skoði þann möguleika að beita jöfnunarsjóði til þess hjálpa tekjulitlum en víðáttumiklum sveitarfélögum þar sem eru ógrynni fornleifa og vel varðveittar leifar lítt þekktra eyðibygðna.¹

Félag fornleifafræðinga telur því dapurlegt að nýta ekki það tækifæri sem felst í þessari endurskoðun laga til þess breyta lögum á þann hátt að hluti Fornminjasjóðs verði fjármagnaður með jöfnunarsjóði, sveitarfélögum og minjavernd til mikilla heilla.

Virðingarfyllst,

Gylfi Helgason ,f.h. stjórnar Félags fornleifafræðinga

¹ Minjavernd. Staða, áskoranir og tækifæri, bls. 16. Aðgengilegt: https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit-skyrslur-og-skrar/URN/Minjavernd_Skyrsla_starfshops_Vefur.pdf